

GJALDSKRÁ

Framkvæmdasýslu ríkisins.

1. gr.

Gjald fyrir útselda vinnu starfsmanna Framkvæmdasýslu ríkisins skal, frá og með 1. janúar 2003, vera sem hér segir:

Tímavinna starfsmanna skrifstofu er	3.300 kr./klst.
Tímavinna sérfræðings II er	5.500 kr./klst.
Tímavinna sérfræðings I er	6.600 kr./klst.

2. gr.

Bókhaldspóknun Framkvæmdasýslu ríkisins skal vera 0,4% af veltu hvers verks sem hún hefur umsjón með.

3. gr.

Gjald fyrir aðra þjónustu sem Framkvæmdasýslan veitir er sem hér segir:

Ljósritun (svart/hvítt) 25 kr. hvert A4 blað og 50 kr. hvert A3 blað.

Litljósritun 150 kr. hvert A4 blað og 300 kr. hvert A3 blað.

Akstur skal greiðast samkvæmt ákvörðunum ferðakostnaðarnefndar um aksturskostnað ríkisstarfsmanna.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 22. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda.

Reykjavík, 29. janúar 2003.

F.h. Framkvæmdasýslu ríkisins,
Óskar Valdimarsson forstjóri.

Ofangreind gjaldskrá staðfestist hér með af fjármálaráðuneytinu.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson ráðuneytisstjóri.

4. mars 2003

Nr. 159

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Reykjanesbæ.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti á fundi sínum þann 4. febrúar 2003 tillögu að breytingu á deiliskipulagi íbúðarbyggðar við Framnesveg í Keflavík, Reykjanesbæ.

Breytingartillagan gerir ráð fyrir fjölbýlishúsum á lóðunum nr. 5 og 7 við Framnesveg. Uppdráttur með greinargerð hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjanesbæ, 4. mars 2003.

Árni Sigfússon bæjarstjóri.